

Rammasamningur SÍ um tannlækningar fyrir aldraða og öryrkja.

Samningurinn nær til einstaklinga sem eru 67 ára og eldri, svo og til einstaklinga sem eru með 75% örorkumat hjá TR. Þeir sem eru á endurhæfingarlífeyri njóta sömu réttinda. Sama rétt og aldraðir eiga þeir 60–66 ára sem njóta óskerts ellilífeyris frá Tryggingastofnun ríkisins.

Fyrir hvern og einn verður almenn greiðsluþátttaka sjúkratrygginga vegna kostnaðar við tannlækningar skv. samningnum 50% af umsömdu verði. (Sjá gjaldskrá: <http://www.sjukra.is/um-okkur/fjarhaedir-og-gjaldskrar/>)

Í ákveðnum tilvikum, s.s. vegna slysa og sjúkdóma, getur greiðsluþátttaka orðið hærri, en mögulega lægri í öðrum tilvikum, svo sem vegna tannplanta og krónugerðar. Vegna öryrkja og aldraðra sem eru langveikir og dveljast á stofnun greiða SÍ 100% af umsömdu verði. Sama gildir fyrir andlega þroska-hamlaða einstaklinga 18 ára og eldri (sem búa utan stofnunar), þó með þeim fyrirvara að áður en til greiðslu kemur þarf að sækja sérstaklega um hana.

Nokkrar algengar spurningar og svör við þeim:

1. Þarf ég að hafa skráðan heimilistannlækni til að nýta mér endurgreiðslur SÍ?

- Já – allir þurfa að vera skráðir hjá tannlækni.
- Skráning hjá ákveðnum tannlækni kemur ekki í veg fyrir að þú getir leitað til annars tannlæknis.
- Þú getur skráð þig í Réttindagátt SÍ: <https://rg.sjukra.is/Account/Login.aspx>
- Einnig getur tannlæknir annast skráninguna (t.d. þegar tími er pantaður).
- Einstaklingar sem fóru til ákveðins tannlæknis eftir janúar 2017 eru nú þegar skráðir hjá honum.
- Í Réttindagátt SÍ getur þú séð hjá hvaða tannlækni þú ert skráð/-ur og breytt skráningunni þegar þú vilt.

2. Hvað fellur undir greiðsluþátttöku SÍ?

- Almennar tannlækningar, svo sem skoðun, röntgenmyndir, reglulegt eftirlit, tannviðgerðir, rótfyllingar, tannholdslækningar, úrdráttur tanna og laus tanngervi.
- Upp í kostnað við tannplanta og föst tanngervi er veittur allt að 60 þúsund kr. styrkur (80 þúsund kr. fyrir langveika sem búa á stofnun) á því almankasári sem meðferðin fer fram.

3. Hvað fæ ég mikið greitt og hvernig fer greiðslan fram?

- Almenn er greiðslan 50% af verði tannlæknis, sbr. gjaldskrá SÍ.
- Einstaklingur greiðir tannlækni mismuninn. Tannlæknirinn rúkkar svo SÍ um hluta sjúkratrygginga.
- Almenn tannlæknaþjónusta er án kostnaðar fyrir langveika einstaklinga á stofnunum.
- Ef um fæðingargalla, slysa eða sjúkdóm er að ræða þarf tannlæknir að senda SÍ umsókn áður en meðferð hefst. Ef umsókn er samþykkt greiða sjúkratryggingar 80% af verði skv. gjaldskrá SÍ en einstaklingur greiðir tannlækni þau 20% sem upp á vantar.
- Ef aldraður eða öryrki verður fyrir tanntjóni í vinnuslysi/við heimilisstörf, og bótaskylda SÍ hefur verið samþykkt, greiða sjúkratryggingar að fullu þá tannlækni meðferð sem nauðsynleg er vegna slyssins.

4. Fæ ég sömu greiðslu ef ég fer til tannlæknis utan Íslands?

- Já, ef tannlæknirinn er starfandi á Evrópska efnahagssvæðinu er greiðslupátttakan í formi endurgreiðslu hin sama og ef meðferðin hefði farið fram á Íslandi. Einstaklingur þarf að skila inn sundurliðuðum reikningi þar sem fram kemur hvað var framkvæmt. Reikninga skal senda til Alþjóðadeildar SÍ, Vínlandsleið 16, 150 Rvk. international@sjukra.is

5. Hver er endurgreiðsla fyrir heilgóma?

- Fyrir hefðbundið heilgómasett greiða Sjúkratryggingar Íslands 50% (100% fyrir langveika) af verði gjaldliðar 702 og 50% (100% fyrir langveika) af tannsmíðakostnaði.
- Ef smíða á heilgóm á tannplanta í neðri gómi þá greiða SÍ 50% (100% fyrir langveika) af verði tveggja tannplanta, en af verði allt að fjögurra tannplanta ef um efri góm er að ræða. Þó þarf tannlæknir að sækja um þessar greiðslur áður en meðferð fer fram.
- Fyrir heilgóm sem smíðaður er á tannplanta greiða Sjúkratryggingar Íslands 50% (100% fyrir langveika) af verði gjaldliðar 715 og 50% (100% fyrir langveika) af tannsmíðakostnaði. Ef farið er í kostnaðarsamari meðferð, svo sem brúarsmíði í stað heilgóms á tannplanta verður hinn sjúkratryggði að standa undir viðbótarkostnaðinum.

6. Hvað fæ ég endurgreitt ef ég þarf tannplanta og krónu?

- Aldraðir og öryrkjar eiga rétt á styrk allt að 60 þúsund kr. (80 þúsund kr. fyrir langveika) vegna tannplanta og krónugerðar á því almanaksári sem meðferð fer fram.

7. Hvað greiði ég fyrir tannréttingar núna?

- Þú greiðir það sama og áður því samningurinn nær ekki til tannréttinga.

8. Hvar finn ég upplýsingar um verð og greiðslupátttöku vegna tannlækninga?

- Gjaldskrá SÍ vegna rammasamnings SÍ um tannlækningar aldraðra og öryrkja má finna á heimasíðu SÍ: <http://www.sjukra.is/heilbrigdisstarfsfolk/samningar-um-heilbrigdisthjonustu/>

9. Þarf ég tilvísun til sérfræðings?

- Nei

10. Fæ ég sömu niðurgreiðslu ef ég fer til sérfræðilæknis t.d. kjálkaskurðlæknis?

- Sérfræðingar hafa heimild til að leggja allt að 20% álag á meðferð sem fellur undir þeirra sérsvið.
- Greiðslupátttaka SÍ verður 50% (100%) af heildarverði.

11. Hvernig veit ég hvort tannlæknirinn minn hefur skrifað undir nýjan rammasamning?

- Flestir tannlæknar eiga aðild að rammsamningnum, en þú getur séð það inn á réttindagáttinni www.sjukra.is

12. Fá almennir 18-67 ára eitthvað niðurgreitt núna?

- Nei samningurinn nær aðeins til aldraðra og öryrkja.

13. Hvernig veit ég hvað Sjúkrtryggingar Íslands greiða upp í tannlæknakostnað minn ?

- Tannlæknir þinn leggur mat á hvaða meðferð þú þarft og getur kannað greiðsluþátttöku Sí með því að senda rafræna fyrirspurn í tölvukerfi Sí.